

Miðvikudaginn 4. nóvember 1992.

Nr. 401/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Hilmari Þór Arnarsyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 28. október sl., sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er af hálfu ákærða krafist kærumálskostnaðar.

Ákærvaldið krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði, sem kveðinn var upp í héraðsdómi Reykjavíkur 24. ágúst 1992, var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 16. september sl. fyrir brot, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Samkvæmt úrskurði, upp kveðnum þann dag, var gæsluvarðhald varnaraðila framlengt til 28. október sl.

Í fyrrnefnda úrskurðinum er málsatvikum lýst svo:

„Kærði er grunaður um að hafa aðfaranótt 23. ágúst sl. ráðist á X á heimili hennar og þröngvað henni til kynferðismaka. Kærði hefur viðurkennt að hafa tekið X með valdi, rifið af henni fötin, slegið hana með flötum lófa í andlitið og víða um líkamann með belt. Einnig hefur kærði viðurkennt að hafa farið höndum um hana. Kærði hefur hins vegar ekki viðurkennt að hafa haft við hana samfarir.“

X gekkst samdægurs undir læknisskoðun hjá Arnari Haukssyni kvensjúkdómalækni. Í ýtarlegu vottorði hans, dagsettu 23. ágúst, er meðal annars svofelld áverkalýsing:

„Hún sýnir ytri merki um áverka, verulega bólgin og marín í andliti eftir högg og löðruna, sömuleiðis á hálsi bæði framan og aftan og gæti verið að hluta eftir þéttingsfast tak um háls. Þá eru smá húðblæðingar um og við við. gagnauga og eyra. Förför aftan á baki gætu stutt sögu um, að brjóstahaldari hafi verið slitinn af henni.“

Sömuleiðis er hún með e-s konar svipuför á skrokk, sem koma heim við sögu um barsmið með ól/belti... Það finnst ekki með vissu sæði við smásjárskoðun og ekki áverkar við kynfæri...“

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður heraðsdóms Reykjavíkur 27. október 1992.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur í dag verið gerð sú krafa fyrir dóminum, að Hilmar Þór Arnarsyni, kt. 030571-3479, Skeljagrandi 4, Reykjavík, sem sætir nú gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 28. þ. m. kl. 16, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, allt þar til dómur gengur í málinu, en þó eigi lengur en til 28. desember nk. kl. 16.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að fram kominni kröfu verði hafnað, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður u. þ. b. helmingi styttri tími en krafist er.

Ákærða hefur nú í dag verið birt ákæra ríkissaksóknara, dags. 26. okt. 1992, fyrir eignaspjöll, fyrir brot gegn valdstjórninni og fyrir nauðgun. Eru brotin talin varða við 1. mgr. 257. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 106. gr. alm. hegningarlaga., sbr. 11. gr. 1. nr. 101/1976 og 1. mgr. 194. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 2. gr. 1. nr. 40/1992.

Ákæran er studd ýtarlegum rannsóknargögnum og mun innan skamms koma til dómsmeðferðar. Þykja skilyrði 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991 vera fyrir hendi, og verður fallist á kröfu ákærandans um framlengingu gæsluvarðhalds ákærða, allt þar til dómur gengur í málinu, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. desember nk. kl. 16.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Hilmar Þór Arnarson, skal sæta gæsluvarðhaldi, allt þar til dómur gengur í málinu, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. desember nk. kl. 16.